

Ed.

241. Nefndarálit

[140. mál]

um frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir byggingu umræddrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli vegna þess að byggingin tengist óneitanlega hernaðarumsvifum hér á landi og er auk þess langtum of stór og dýr miðað við þarfir farþegaflugs milli Íslands og annarra landa. Jafnframt teljum við að bygging nýrrar flugstöðvar sé ekki forgangsverkefni eins og nú háttar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þess í stað sé það næsta verkefnið í máli þessu að endurskoða og hanna byggingu nýrrar flugstöðvar í samræmi við þarfir farþegaflugs á komandi árum. Við erum þar af leiðandi andvíg ákvæðum þessa frumvarps og leggjum til að það verði fellt.

Stefán Benediktsson, áheyrnarfulltrúi Bandalags jafnaðarmanna í nefndinni, stendur einnig að þessu nefndaráliti.

Alþingi, 16. desember 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ragnar Arnalds.
fundaskr., frsm.